



Kynning á niðurstöðum 3. ársfjórðungs 2025/26

Sterkur rekstur og afkomuspá hækkuð
- viðskiptapróun styður við vöxt

A photograph of a man with short brown hair and glasses, looking slightly to the side. A large white oval with the word 'takkt' in purple is overlaid on the lower part of his face.

takkt

Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

16. janúar, 2026

Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

3F 2025/26 (breyting frá 3F 2024/25*)

49,1 ma.kr.

vörusala

▲ 12,4%

4,6 ma.kr.

EBITDA

▲ 25,0%

1,7 ma.kr.

hagnaður

▲ 21,6%

25,1%

framlegðarhlutfall

▲ 2,5%stig

16,4%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 1,3%stig

34,8%

eiginfjárlutfall

▼ 0,5%stig

Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 3F gekk vel** og var umfram áætlanir - **afkoma styrktist talsvert frá fyrra ári** en góð afkoma var af öllum starfspáttum
- **Heimsóknum viðskiptavina í dagvöruverslanir á Íslandi fjölgaði um 5%** og **seldum stykkjum um tæplega 3%** - heimsóknum fjölgaði um 2,5% hjá SMS
- **Uppsafnaður 12 mánaða hagnaður á hlut var 7,75 kr.** og **jókst um 63%** frá fyrra ári - **án einskíptisliða vegna SMS** var hagnaður á hlut **6,84 kr.** og **jókst um 44%**
- **Á fjórðungnum var lokið við smíði nýs vildarkerfis Haga, Takk**
- Takk mun bæta kjör, þjónustu og upplifun viðskiptavina
- **Ný miðlæg rekstrareining, Hagar Miðlar,** stofnuð - einingin mun nýta sterka innviði Haga til að **miðla auglýsingum og upplýsingum frá þriðja aðila til viðskiptavina**
- **Hagar keyptu eigin hluti** að upphæð 208 m.kr. á fjórðungnum og áttu við lok fjórðungs 13,8 m. hluti eða **1,25% af heildarhlutafé**
- **EBITDA spá stjórnenda** fyrir rekstrarárið **hefur verið hækkuð** um 600 m.kr. og er nú **17.600 - 18.100 m.kr.**



Starfspáttur #1: Áframhaldandi tekjuvöxtur og styrking afkomu

Verslanir og vöruhús (Ísland) - Rekstrarreikningur 3F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum námu **33,9 ma. kr.** á 3F og jukust um 7,5% á milli ára
- EBITDA nam tæpum 3 ma. kr. og var 8,8% af tekjum, og jókst um rúm 20% frá fyrra ári - afkoma styrktist heldur meira eða um tæp 33%
- Eins og síðustu misseri **héldu umsvif áfram að aukast**, en **heimsóknunum** í dagvöruverslanir fjölgaði um tæp 5% og seldum stykkjum um tæp 3% á milli ára - smávægileg aukning í Hagkaup en talsverð í Bónus
- Starfsemi Aðfanga og Banana var í samræmi við rekstur verslana og gekk fínt - rekstur annarra eininga, Eldum rétt, Stórkaup og Zara gekk heilt yfir vel á tímabilinu
- Mikill undirbúningur á 3F fyrir desember hjá helstu einingum Haga - **kröftug jólaverslun** í Bónus og Hagkaup

	3F '25/26	3F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	33.916	31.544	2.372	+7,5%
Rekstrargjöld	-30.944	-29.074	-1.870	+6,4%
EBITDA	2.972	2.470	502	+20,3%
EBITDA-hlutfall	8,8%	7,8%	+0,9%	+11,9%
Afkoma starfspáttar*	1.985	1.497	488	+32,6%
Afkomu-hlutfall	5,9%	4,7%	+1,1%	+23,3%

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Ísland)



HAGKAUP



Bananar

STÓRKAUP |

ELDUM  RÉTT

ZARA

Bónus: Kröftug tekjuaukning og fleiri heimsóknir

- **Vörusala á 3F nam 23,9 ma. kr. og jókst um 9% frá fyrra ári - rekstur og afkoma styrktust á milli ára**
- **Umsvif aukast áfram, viðskiptavinum fjölgaði um ríflega 6% frá fyrra ári** - seldum **stykkjum fjölgaði um rúm 3%**, þrátt fyrir áframhaldandi aukið framboð af stærri og hagkvæmari einingum
- **Stöðug áhersla Bónus á skilvirkan rekstur og hagkvæm innkaup** - við lok 3F var um **helmingur af vöruvali á lægra eða sama verði og við lok 3F í fyrra** - árangur í ljósi þrálátrar verðbólgu
- **Vinsældir „Ódýrast vikunnar í Bónus“ aukast áfram - verulegur sparnaður fyrir viðskiptavini og gott samstarf við birgja**
- **Breyttar áherslur í markaðsmálum** hafa skilað góðum árangri - mikill vöxtur á samfélagsmiðlum og ánægjuleg viðbrögð við „**Munurinn er Bónus**“
- **Verslunum með Gripið & Greitt hélt áfram að fjölga, og valdar verslanir, eins og Bónus í Spönginni, voru endurskipulagðar á tímabilinu**
- **Undirbúningur fyrir vildarkerfi og skjávæðingu verslana** - fjallað nánar um síðar í kynningu



Hagkaup: Afkoma styrkist og Wolt kynnt til leiks

- **Vörusala á 3F nam tæpum 6,7 ma. kr. og jókst um tæp 8% frá fyrra ári - afkoma styrkist hlutfallslega meira á milli ára**
- **Heimsóknum viðskiptavina og seldum stykkjum fjölgaði á fjórðungnum, og netverslun hélt áfram að vaxa hraðar en hefðbundnar verslanir**
- **Fjöldi þemadaga** eins og t.d. Tax Free, Heilsudagar, Ítalskir dagar, Singles Day og Black Friday - **nóvember að verða einn mikilvægasti verslunarmánuður ársins í Hagkaup**
- Samstarf Hagkaups og Wolt undirbúið á 3F og **í desember hóf Wolt heimsendingu á matvöru frá Hagkaup á undir klukkutíma** - frábær viðbót við fjölbreytt þjónustuframboð Hagkaups
- **Undirbúningur fyrir vildarkerfi og skjávæðingu verslana** - fjallað nánar um síðar í kynningu



Starfspáttur #2: Sterkur rekstur - aukið framlag vöru- og þjónustusölu

Olís - Rekstrarreikningur 3F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur á 3F námu tæpum 12 ma. kr. og drógust saman um 6,5% - fjórðungurinn gekk almennt vel með ágætri afkomu frá rekstri
- EBITDA nam 1.116 m.kr., eða 9,4% af tekjum, og dróst saman um 67 m.kr. eða um tæp 6% á milli ára - einskiptistekjur lita uppgjör fyrra árs
- Seldum lítrum fækkaði um 10% - ágæt sala í smásölu en samdráttur í heildarmagni, m.a. vegna minni sölu í flugvélaeldsneyti og tilfærslu milli tímabila hjá stórum viðskiptavinum
- Veitingasala áfram í mikilli sókn - Grill 66 opnaði nýlega á Höfn við góðar undirtektir
- Samstarf við Wolt skilar aukinni eftirspurn hjá þjónustustöðvum - ríflega 40 þús. pantanir frá upphafi
- Áframhaldandi þróun á Olís - ÓB appinu - jólaleikur Olís í appinu sló í gegn hjá viðskiptavinum
- Áskrifendum Glans fjölgar og telja í þúsundum - tugir þúsunda þvotta hjá Glans á fjórðungnum

	3F '25/26	3F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	11.880	12.707	-827	-6,5%
Rekstrargjöld	-10.764	-11.524	760	-6,6%
EBITDA	1.116	1.183	-67	-5,7%
EBITDA-hlutfall	9,4%	9,3%	+0,1%	+0,9%
Afkoma starfspáttar*	881	913	-32	-3,5%
Afkomu-hlutfall	7,4%	7,2%	+0,2%	+3,2%

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Olís)



Starfspáttur #3: Nýr verslunarkjarni í Runavík og ný verslun í Þórshöfn

Verslanir og vöruhús (Færeyjar) - Rekstrarreikningur 3F 2025/26 (m.kr.)

- Tekjur á 3F námu rúmum 3,8 ma. kr. - EBITDA fjórðungsins nam 478 m.kr., eða 12,5% af veltu, og afkoma 217 m.kr. eða 5,7% af veltu
- Rekstur SMS gengur vel - heimsóknnum viðskiptavina í dagvöruverslanir fjölgaði um 2,5% og aðsókn í veitingastaði umtalsvert meira
- Nýr 3.000 m2 verslunarkjarni SMS í Runavík opnaði í nóvember - fasteignin er í eigu SMS, en í kjarnanum opnuðu tvær verslanir og veitingastaður í eigu SMS ásamt verslun frá þriðja aðila
- Á 3F voru gerðar breytingar á Miðlón, verslunarkjarna í Þórshöfn í eigu SMS - nýir leigutakar og fjórða verslun Rumbul, í eigu SMS, opnaði undir lok árs
- Áframhaldandi samvinna Haga og SMS um umbætur í rekstri og tækifæri til stækkunar - rekstrarkostnaður, vöruúrval, ný þjónusta, innkaup, nýjar staðsetningar, o.fl.
- Síðasti fjórðungurinn þar sem samanburður við síðasta ár er snúinn - Hagar tóku við SMS í des. 2024

	3F '25/26	3F '24/25	Δ	%Δ
Tekjur	3.821	0	3.821	-
Rekstrargjöld	-3.343	0	-3.343	-
EBITDA	478	0	478	-
<i>EBITDA-hlutfall</i>	<i>12,5%</i>	-	-	-
Afkoma starfspáttar*	217	0	217	-
<i>Afkomu-hlutfall</i>	<i>5,7%</i>	-	-	-

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Færeyjar)



SUSHI DAILY HORNID



MIKLAGARÐUR



Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Almennt: Valdar fréttir af starfsemi



Jólaverslun var kröftug

- Jólaverslun var almennt góð hjá fyrirtækjum Haga og ljóst að aðsókn jókst á milli ára
- Nánar verður fjallað um verslun desembermánaðar í ársuppgjöri Haga í apríl



Bónus besta vörumerkið?

- Bónus var nýlega tilnefnt af „brandr“ sem eitt af bestu íslensku vörumerkjum 2025
- Eina tilnefnda matvörukeðjan í flokki „Einstaklingsmarkaður - 50 starfsmenn eða fleiri“



Hagkaup og Wolt í samstarf

- Hagkaup og Wolt í samstarf þar sem Wolt sendir nú heim vörur á undir klukkutíma
- Frábær þjónusta þar sem viðskiptavinir geta valið úr þúsundum vörunúmera



Stórkaup í mikilli sókn

- Stórkaup hefur haldið áfram að vaxa samkvæmt áætlunum - sterk veltuaukning í netverslun
- Mikil sókn í matvöruhluta félagsins þar sem flokkurinn vex um yfir 50% á milli ára

Almennt: Valdar fréttir af starfsemi



Nýr verslunarkjarni í Runavík

- Nýr, tæplega 3.000 m², verslunarkjarni í eigu SMS opnaður í nóvember
- Verslanir Bónus og Rumbul, sem og Sunset veitingastaður, en einnig leiga til þriðja aðila



Glans opnar í Bæjarlind

- Glans opnaði á dögnum í Bæjarlind sína fjórðu snertilausu þvottastöð, en fimmta stöðin opnar fljótlega
- Fjöldi áskrifta eykst stöðugt og ljóst að eftirspurn er mikil



Framkvæmdir hafnar í Álfabakka

- Framkvæmdir hafnar vegna nýrrar aðstöðu Eldum rétt og Ferskra kjötvara
- Flutningar áætlaðir í haust, en aðstaðan sem er fyrsta flokks býður upp á ýmis ný tækifæri



Innviðir Aðfanga styrktir

- Aðföng tóku nýlega upp nýtt vöruhúsakerfi sem styður við aukna skilvirkni
- Kerfið og nýleg stækkun vöruhússins tryggja hagkvæmt pláss fyrir áætlaðan vöxt næstu árin

Takk: Vildarkerfið Takk er nú formlega komið í loftið


- **Eins og fjallað var um á síðasta uppgjörsfundi** hafa Hagar, í samvinnu við valin félög samstæðunnar, **þróað nýtt vildarkerfi**
- **Vildarkerfið, sem ber heitið Takk, hefur nú verið sett í loftið** og mun gera viðskiptavinum kleift að **njóta sambærilegrar þjónustu og tíðkast víða í löndunum í kringum okkur**
- **Vildarkerfið er einfalt og skilvirkt**, og mun **bæta kjör, þjónustu og upplifun viðskiptavina** - dæmi um það sem meðlimir fá aðgengi að er m.a.:
 - **Enn betri kjör í verslunum:** Vildarvinir safna Takk krónum (tkr) af völdum vörum hjá Bónus, Hagkaup og Eldum rétt - hver Takk króna jafngildir einni ISK og getur verið notuð í næstu búðarferð hjá Bónus og Hagkaup
 - **Afsláttarkjör:** Vildarvinir fá aðgengi að afsláttarkjörum hjá völdum samstarfsaðilum, eins og Glans, Grill 66 og Lemon
 - **Viðburðir:** Vildarvinir fá aðgengi að ýmsum viðburðum á vegum Haga og dótturfélaga, eins og námskeiðum eða sérstökum afsláttardögum
 - **Yfirsýn:** Vildarvinir fá bætta yfirsýn yfir kaupsögu, t.d. með rafrænum kvittunum frá mismunandi verslunum, allt á einum stað

Svona **virkar** Takk



Sæktu Takk appið í símann

Þú bætir Takk kortinu við veskið í símanum þínum áður en þú verslar hjá Hagkaup, Bónus og Eldum rétt.



Fáðu Takk krónur til baka

Þegar þú verslar Takk vörur hjá Hagkaup, Bónus og Eldum rétt safnar þú Takk krónum inn á Takk kortið þitt. Þú einfaldlega auðkennir þig á posa með Takk kortinu þínu áður en þú greiðir.



Notaðu Takk krónur til að versla

Þú getur notað Takk krónurnar þegar þú verslar hjá Hagkaup og Bónus. Ein Takk króna jafngildir einni íslenskrí krónu í verðgildi þegar hún er notuð í verslun.

Takk: Vildarkerfið er grunnur að frekari framþróun Haga



Til upprifjunar frá síðasta fjárfestafundi:

- **Vildarkerfið er stórt skref fyrir Haga og viðskiptavinum - býður upp á fjölmörg tækifæri til þess að kynnast viðskiptavinum og þjónustu þá enn betur** en fyrr, m.a. í tengslum við eftirfarandi atriði:
 - **Fá greinagóða yfirsýn yfir samsetningu viðskiptavina félagsins**, í heild sinni og eftir smærri svæðum
 - **Læra og skilja kauphegðun**, og í framhaldi aðlaga þjónustu og vöruval í samræmi við það
 - **Eiga bein samskipti við viðskiptavinum**, með markvissari skilaboðum, afsláttum eða öðru efni
 - **Kynna viðskiptavinum fyrir nýjungum og fjölbreyttu vöruúrvali og þjónustu** í verslunum Haga
- **Hagar gera ráð fyrir mikilli framþróun á vildarkerfinu á næstu misserum sem og uppbyggingu á grunni þess yfir í nýjar vörur og þjónustur**



Takk: Viðtökur framar vonum - yfir 16 þús. meðlimir á tveimur dögum

- Vildarkerfið fór í loftið miðvikudaginn 14. janúar, og hafa viðtökurnar verið afar góðar
- Á fyrstu tveimur dögum gerðust yfir 16 þúsund manns vildarvinir Takk, eða vel yfir 4% af öllum landsmönnum
- Appið náði strax fyrsta sæti yfir vinsælustu fríu öppin í bæði App Store og Play Store, og á sama tíma hefur verið mikil umferð um vefsíðu Takk, takkkronur.is
- Kynningarherferð Takk fór formlega af stað þegar kerfið fór í loftið og verður keyrð áfram næstu daga og vikur - áætlanir gera ráð fyrir að vildarvinum Takk muni fjölga hratt
- Fjallað verður nánar um Takk á næsta uppgjörsfundi



The logo consists of the word 'takkt' in a white, lowercase, sans-serif font. The letter 't' is stylized with a small white leaf-like shape above its left vertical stroke. The logo is centered within a dark blue rounded rectangle.

takkt



... nú er bara að sækja appið, gerast vildarvinur og safna tkr!

Hagar Miðlar: Hagar stofna nýja tekjueiningu sem heitir „Hagar Miðlar“

- Eitt af áherslumálum Haga er að skoða stöðugt hvernig nýta megi innviði félagsins enn betur - mörg árangursrík skref hafa verið stigin á síðustu árum
- Nú hafa Hagar tekið eitt mest spennandi skrefið til þessa og stofnað „Hagar Miðlar“ - miðlæg eining sem vinnur þvert á félög samstæðunnar
- Einingunni er ætlað að nýta sterka innviði Haga til að miðla auglýsingum, upplýsingum og öðru áhugaverðu efni frá þriðja aðila til viðskiptavina, bæði í verslunum og í stafrænum miðlum
- Auk þess munu Hagar Miðlar styðja við félög samstæðunnar við frekari uppbyggingu innviða, sem nýta má við margskonar miðlun
- Hagar Miðlar er ný tekjueining hjá Högum - félagið hefur til þessa einungis selt auglýsingar í takmörkuð mæli - **gert er ráð fyrir arðbærum tekjum**



Hagar Miðlar: Áhugavert tækifæri í ljósi umsvifa og innviða Haga

- „Retail Media“ hefur verið í miklum vexti á alþjóðavísu vegna þess hve árangursrík miðlunin er í samanburði við hefðbundna auglýsingamiðla
- Stór alþjóðleg verslunarfélög (t.d. Walmart eða Matas), hafa náð eftirtektarverðum árangri við uppbyggingu þjónustu á þessu sviði - **tekjur af miðlum gjarnan hóflegur hluti heildarveltu en hlutfall afkomu töluvert stærra**
- Auglýsingar á sölustað eru áhrifaríkari, og því verðmætari, en í hefðbundnum auglýsingamiðlum - rétt skilaboð, á réttum stað, á réttum tíma
- Það eru fá félög á Íslandi sem búa yfir sterkari innviðum en Hagar þegar kemur að auglýsingaflötum á sölustað, sem dæmi:
 - Yfir 250 skjáir í verslunum og á þjónustustöðvum um allt land
 - Skjáir við inngang eða utan á verslunum - fer fjölgandi
 - Yfir 260 þúsund fylgjendur á samfélagsmiðlum
 - Vefverslanir með tugi þúsunda viðskiptavina
 - Eigin útvarpsspilun í verslunum og á þjónustustöðvum
 - ...og ýmis öpp og nú sístækkandi hópur **vildarvina í Takk appinu!**



Hagar Miðlar: Prófanir hafa staðfest árangur miðlanna og tækifærið

- **Á síðustu mánuðum hafa Hagar skjávætt fjölmargar verslanir félagsins - yfir 70 nýjum skjáum bætt við** í Bónus og Hagkaup - áframhaldandi uppbygging á næstu vikum
- **Hagar Miðlar og félög samstæðunnar hafa prófað sig áfram** með skilaboðum og auglýsingum á eigin vörum - skilar mikilli söluaukningu á auglýstum vörum
- **Hagar Miðlar nýtast þannig vel í að styðja við eigin vörur** - áframhaldandi prófanir á eigin vörum en einnig með völdum birgjum á næstu vikum
- **Rekstur og sölustarf á vegum Haga Miðla hefst formlega á næstu vikum** - frekari upplýsingar um vöruframboð og fyrirkomulag verða kynntar á sérstökum viðburði Haga Miðla á næstunni
- **Tækifæri Haga er umtalsvert** - á hverju ári heimsækja um 40 milljón viðskiptavinir verslanir og þjónustustöðvar Haga á Íslandi!



Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Sterkur rekstur þar sem afkoma eykst umtalsvert

Rekstrarreikningur 3F 2025/26 (m.kr.)

- **Vörusala á 3F** nam 49,1 ma. kr. og **jókst um 12,4%** milli ára - aukning um 3,8% án SMS
- **Framlegð í krónum** nam 12,3 ma. kr. og **jókst um 24,8%** - aukning um 11,0% án SMS
- **Framlegðarhlutfall** var 25,1% og **hækkaði um 2,5%-stig** milli ára - **auk áhrifa af SMS styrktist framlegðarhlutfall** bæði í dagvöru- og eldsneytishluta samstæðunnar
- **Rekstrarkostnaður hækkaði** um 22,1% milli ára - hækkun um 7,6% án SMS
- **EBITDA** nam 4,6 ma. kr. og **hækkaði um 25,0%** milli ára - hækkun um 11,9% án SMS
- **Hagnaður** var 1,7 ma. kr. í samanburði við 1,4 ma. kr. á fyrra ári eða **21,6% hækkun**
- **Önnur heildarafkoma** nam 572 m.kr., þar af **endurmat fasteigna** fært beint á eigið fé 298 m.kr. og jákvæður **þýðingarmunur** 274 m.kr.

	3F '25/26	3F '24/25	Δ	%Δ
Vörusala	49.068	43.659	5.409	+12,4%
Framlegð	12.335	9.885	2.450	+24,8%
Aðrar rekstrartekjur	255	341	-86	-25,2%
Laun og launatengd gjöld	-5.528	-4.444	-1.084	+24,4%
Annar rekstrarkostnaður	-2.496	-2.129	-367	+17,2%
EBITDA	4.566	3.653	913	+25,0%
Afskriftir	-1.612	-1.283	-329	+25,6%
Matsbreytingar	76	0	76	-
EBIT	3.030	2.370	660	+27,8%
Hrein fjármagnsgjöld	-978	-658	-320	+48,6%
Áhrif hlutdeildarféлага	53	40	13	+32,5%
Hagnaður tímabilsins	1.692	1.391	301	+21,6%
Önnur heildarafkoma	572	0	572	-
Heildarafkoma samtals	2.264	1.391	873	+62,8%

Afkoma hækkar mikið en litast af áhrifum SMS

Rekstrarreikningur 9M 2025/26 (m.kr.)

- **Vörusala 9M** nam 149,0 ma. kr. og **jókst um 10,9%** milli ára - aukning um 2,6% án SMS
- **Söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi** nam 7,1% en **samdráttur var í sölu hjá starfspætti Olís** eða 7,7%
- **Framlegð í krónum** nam 36,8 ma. kr. og **jókst um 24,4%** - **framlegðarhlutfall** var 24,7% og **hækkar** um 2,7%-stig milli ára
- **Rekstrarkostnaður hækkar** um 22,7% milli ára - hækkun um 7,4% án SMS
- **EBITDA** nam 14,1 ma. kr. og **hækkaði um 29,6%** milli ára - hækkun um 14,9% án SMS
- **EBITDA verslana og vöruhúsa á Íslandi** jókst um 11,7% og **EBITDA Olís** jókst um 23,1% - **EBITDA SMS** var 1,6 ma. kr.
- **Hagnaður** nam 5,4 ma. kr. og **jókst** um 36,6% - **heildarafkoma** samtals nam 5,9 ma. kr.

	9M '25/26	9M '24/25	Δ	%Δ
Vörusala	149.000	134.305	14.695	+10,9%
Framlegð	36.828	29.596	7.232	+24,4%
Aðrar rekstrartekjur	968	604	364	+60,3%
Laun og launatengd gjöld	-16.156	-13.069	-3.087	+23,6%
Annar rekstrarkostnaður	-7.543	-6.250	-1.293	+20,7%
EBITDA	14.097	10.881	3.216	+29,6%
Afskriftir	-4.614	-3.895	-719	+18,5%
Matsbreytingar	-221	0	-221	-
EBIT	9.262	6.986	2.276	+32,6%
Hrein fjármagnsgjöld	-2.771	-2.193	-578	+26,4%
Áhrif hlutdeildarféлага	250	192	58	+30,2%
Hagnaður tímabilsins	5.413	3.964	1.449	+36,6%
Önnur heildarafkoma	492	0	492	-
Heildarafkoma samtals	5.905	3.964	1.941	+49,0%


Áhrifa af SMS gætir í framlegðar- og kostnaðarhlutföllum

Lykilmælikvarðar rekstrar (9M 2021/22 – 9M 2025/26)

- **Góð veltuaukning milli ára** drifin áfram af áhrifum SMS og góðri veltuaukningu verslana og vöruhúsa á Íslandi - samdráttur hjá Olís, m.a. vegna lægra heimsmarkaðsverðs olíu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** um 2,7%-stig milli ára - áhrifa af SMS gætir á tímabilinu og framlegð hjá Olís er hærri en á fyrra ári, dagvara á Íslandi hækkar lítillega
- **Launa- og kostnaðarhlutföll hækka** milli ára - einkum vegna áhrifa SMS
- **EBITDA hlutfall** 9,5% á tímabilinu í samanburði við 8,1% á fyrra ári
- **Hagnaðarhlutfall** 3,6% á tímabilinu í samanburði við 3,0% á fyrra ári

Velta og framlegð

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




Rekstrar-kostnaður

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Afkoma

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



Sterkt sjóðstreymi í lok tímabils – handbært fé 6,1 ma. kr.

Sjóðstreymisyfirlit 9M 2025/26 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam 12,4 ma. kr. í lok tímabils og hækkar um 4,2 ma. kr. frá samanburðarári
- **Fjárfestingarhreyfingar** voru 3,7 ma. kr. til samanburðar við 7,2 ma. kr. í fyrra
- **Fjárfestingar í rekstrarfjármunum á tímabilinu** m.a. vegna umbóta í nokkrum verslunum Bónus og Hagkaups, nýrra þvottastöðva Glans, tveggja ÓB stöðva auk fjárfestinga í hugbúnaði og öðrum stafrænum lausnum - einnig fjárfest í nýjum verslunarkjarna hjá SMS í Færeysjum
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 4,9 ma. kr., samanborið við 1,4 ma. kr. á fyrra ári - kaup á eigin bréfum 603 m.kr.
- **Handbært fé hækkaði** um 3,8 ma. kr. á tímabilinu og var 6,1 ma. kr. í lok 3F, til samanburðar við 1,5 ma. kr. í fyrra

	9M 2025/26	9M 2024/25	Breyting
Hagnaður tímabilsins	5.413	3.964	1.449
Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi	8.781	6.793	1.988
Veltufé frá rekstri	14.194	10.757	3.437
Rekstrartengdar eignir	-2.527	-1.553	-974
Rekstrartengdar skuldir	4.294	1.910	2.384
Greiddir vextir og skattar	-3.539	-2.862	-677
Handbært fé frá rekstri	12.422	8.252	4.170
Fjárfestingarhreyfingar	-3.709	-7.157	3.448
Fjármögnunarhreyfingar	-4.902	-1.388	-3.514
Breyting á handbæru fé	3.811	-293	4.104
Handbært fé í lok tímabils	6.126	1.534	4.592

Leigueignir og leiguskuldir aukast mikið á tímabilinu

Efnahagsreikningur 30. nóvember 2025 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 89,2 ma. kr. og hækkuðu um 7,4 ma. kr. á tímabilinu - **leigueignir** hækkuðu um 5,6 ma. kr, einkum vegna nýs leigusamnings við Álfabakka 2
- **Veltufjármunir voru** 29,5 ma. kr. og hækkuðu um 6,4 ma. kr. frá árslokum - handbært fé hækkaði um 3,8 ma. kr.
- **Eigið fé** nam 41,4 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 13,8 milljónir í lok tímabils
- **Heildarskuldir** voru 77,4 ma. kr. og hækkuðu um 10,9 ma. kr. - einkum vegna hærri leiguskulda og árstíðarbundinna viðskiptaskulda
- **Vaxtaberandi skammtímaskuldir** voru 9,2 ma. kr. - þar af 4,0 ma. kr. vegna skulda í DKK tengt kaupunum á SMS

	30.11. 2025	28.02. 2025	%Δ
Rekstrarfjármunir	37.620	35.632	+6%
Óefnislegar eignir	15.523	15.601	-0%
Aðrir fastafjármunir	36.100	30.643	+18%
Fastafjármunir	89.243	81.876	+9%
Vörubirgðir	15.193	13.974	+9%
Viðskiptakröfur	8.224	6.887	+19%
Handbært fé	6.126	2.299	+166%
Veltufjármunir	29.543	23.160	+28%
Samtals eignir	118.786	105.036	+13%
Skuldir og eigið fé	118.786	105.036	+13%

	30.11. 2025	28.02. 2025	%Δ
Vaxtaberandi	14.567	17.137	-15%
Leiguskuldir	21.358	15.947	+34%
Tekjuskattur	4.831	3.883	+24%
Langtímaskuldir	40.756	36.967	+10%
Vaxtaberandi	9.206	6.278	+47%
Leiguskuldir	3.985	3.630	+10%
Viðskiptaskuldir	23.459	19.672	+19%
Skammtímaskuldir	36.650	29.580	+24%
Samtals skuldir	77.406	66.547	+16%
Eigið fé	41.380	38.489	+8%


Eiginfjárlutfall um 35% og við markmið stjórnar

Lykilmælikvarðar efnahags (9M 2021/22 – 9M 2025/26)


- **Arðsemi eigin fjár 28,6%** síðastliðna 12 mánuði og hækkar umtalsvert frá fyrra ári - m.a. vegna jákvæðra einskiptisáhrifa á hagnað 4F í fyrra
- **Eiginfjárlutfall** í lok 3F nam 34,8% - **markmið stjórnar** er um 35,0%
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 3F, að meðtöldum leiguskuldum, voru 43,0 ma. kr. eða 2,4 x 12 mánaða EBITDA - **skuldahlutfall hækkar vegna aukinna leiguskulda og skulda SMS**
- **Veltufjárlutfall** í lok 3F var 0,81 samanborið við 1,01 á fyrra ári
- **Veltuhraði í rekstri** var 10,8 dagar samanborið við 13,5 daga á fyrra ári
- **Veltuhraði eigna** var 1,9 samanborið við 2,2 á fyrra ári

Ávöxtun
hluthafa

Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárlutfall (%)




Áhætta
í rekstri

Skuldahlutfall¹




Veltufjárlutfall²




Skilvirkni
eigna

Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)³



Veltuhraði eigna⁴



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi


Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Gengi og stærstu hluthafar

Gengi




Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 30.11.2025

1.	Gildi - lífeyrissjóður	16,5%	6.	Birta lífeyrissjóður	6,4%
2.	Lífeyrissjóður verslunarmanna	12,1%	7.	Festa - lífeyrissjóður	4,2%
3.	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,4%	8.	Stapi lífeyrissjóður	3,3%
4.	Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga	8,9%	9.	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,8%
5.	Kaldbakur ehf.	8,1%	10.	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild	1,9%

Hagnaður á hlut styrkist áfram

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut eykst áfram** og er nú **6,84 kr. á hlut** fyrir síðustu 12 mánuði, en **7,75 kr. á hlut ef einskiptisáhrif vegna gangvirðisbreytinga í Færeyjum** eru tekin með
- **Án áhrifa einskiptis gangvirðisbreytinga í Færeyjum** eftir kaup **eykst hagnaður á hlut um tæp 44%** frá sama tíma í fyrra
- **Bætt afkoma síðustu missera byggir sem fyrr á almennum rekstrarbata, stefnumarkandi ákvörðunum, nýjum einingum og auknum umsvifum - rekstur SMS kom fyrst inn í tölur á 4F 2024/25**



* Einskiptisáhrif vegna viðskipta með Klasa á 2F 22/23 og gangvirðisbreytinga í Færeyjum eftir viðskiptin með SMS á 4F 2024/25

** Með einskiptisáhrifum vegna SMS

Staða og horfur

- **Rekstur samstæðu gengur vel á öllum sviðum og horfur góðar**, þrátt fyrir ýmsa óvissupætti sem tengjast þróun efnahagsmála á Íslandi og alþjóðlega
 - **Allar helstu eininga Haga ganga vel** - töluvert aukin umsvif í dagvörusölu, skilvirkur grunnrekstur og nýjar tekjur hjá Olís, meðbyr með verslunum og veitingastöðum í Færeyjum
 - **Áherslur í viðskiptaþróun** styðja við núverandi starfsemi með betri þjónustu við viðskiptavinum og arðbærri notkun á vannýttum innviðum Haga - Takk vildarkerfi og Hagar Miðlar
 - **Sterkur fjárhagur, gott sjóðstreymi og fjármögnun tryggð** - áhugaverð tækifæri varðandi fjármögnun í tengslum við starfsemi í Færeyjum
 - **EBITDA spá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2025/26 hækkuð um 600 m.kr. og er nú **17.600 - 18.100 m.kr.**
- Hagar leggja áherslu á **skilvirkan rekstur** og horfa til **arðbærs vaxtar** - félagið er í **sterkri stöðu til að mæta áskorunum** sem kunna að koma upp í íslensku atvinnulífi og efnahagsumhverfi





Starfsemi Haga á Íslandi



Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.



Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.



Hagkaup er leiðandi smásölufyrirtæki sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.



Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendra grænmetis- og berjaræktun.



Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olúvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölbættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.



Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.



Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups og Bónus, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.



Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Hagar reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.



HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



DÆMI UM VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



Starfsemi Haga í Færeyjum



Bónus er keðja lágvöruverðsverslana, þar sem þrjár verslanir eru í Þórshöfn og fimm verslanir dreifðar um önnur bæjarfélög. Bónus býður viðskiptavinum lægsta mögulega matvöruverð í Færeyjum.



Miklagarður er stórverslun í Þórshöfn sem selur matvöru og ýmsa sérvöru, t.d. leikföng og blóm. Miklagarður rekur einnig kjötvinnslu fyrir SMS samstæðuna.



Í Þórshöfn eru reknar fjórar smærri matvöruverslanir og bakarí undir nafninu Mylnan, en félagið rekur einnig brauð- og kökugerð fyrir samstæðuna.



SMS rekur fjóra veitingastaði í stærstu verslunarmiðstöð Færeyja, þ.e. Burger King, Sunset Boulevard, Sushi Daily og Hornið. Auk þess rekur SMS tvo steikarstaði undir nafninu Angus Steakhouse í Þórshöfn og Klaksvík og Sunset Boulevard stað í Runavík.



Rumbul og Sheep eru fjórar smávöruverslanir í Þórshöfn og Klaksvík, en verslanirnar selja ýmsa dagvöru á hagstæðu verði.

Eignarhald: 60%



Fasteignir

Fjölbreytt fasteignasafn sem telur ~14,000 m² sem er að miklu leyti nýtt undir eigin starfsemi en að hluta leigt til þriðja aðila. Auk þess rekur félagið verslunarmiðstöðina SMS.



Burn er líkamsræktarstöð sem er staðsett á þremur mismunandi stöðum í Þórshöfn. Burn býður upp á mánaðarlega áskrift sem og einkaþjálfun.

Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag



Omaná er ís- og eftirréttargerð sem framleiðir fyrir samstæðuna. Omaná rekur einnig ústölustað í SMS verslunarmiðstöðinni í Þórshöfn.

Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag

Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

